

Fundargerð

143. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 28. september 2010 kl. 12⁰⁰–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sveinsson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) fjarverandi

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs
- (3) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (142. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs

Lagt var fram yfirlit um tekjur gjöld janúar til ágúst 2010.

ÓK fer yfir tillögur á breytingum á úrvinnslugjöldum. Lagt var fram yfirlit um tillögur til hækkana einstakra vöruflokka. Stjórn ræddi sérstaklega stöðu á sjóði vegna úrgangsolúu og væntanlegum samningi um meðhöndlun úrgangsolunnar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að segja upp núverandi samningi við olúfélögin vegna meðhöndlunar á úrgangsolúu og stefnt á að aðalatriði nýs samnings liggi fyrir innan tveggja mánaða.

Stjórn samþykkir tillögur til umhverfisráðherra um hækkun úrvinnslugjalds, tillaga um nýtt gjald: olíuvörur 30 kr/kg, lífræn leysiefni 15 kr/kg, halógeneruð efnasambönd 220 kr/kg, ísósýanöt 5 kr/kg, olúmálning 35 kr/kg, rafgeymar 35 kr/kg, framköllunarefni 110 kr/kg, hjólbarðar 40 kr/kg, pappírs- og pappambúðir 15 kr/kg og plastumbúðir 12 kr/kg

ÓK lagði fram drög að frumvarpi um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk stýrinefndar raftækjaúrgangs verði fært til stjórnar Úrvinnslusjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjölgað verði um einn stjórnarmann sem tilnefndur verður af Félagi atvinnurekenda, áður Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Samkvæmt frumvarpinu verða einnig gerðar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald til að innleiða tilskipun um rafhlöður og rafgeyma í íslensk lög. Gert er ráð fyrir að að seljendur taki við notuðum rafhlöðum og rafgeymum og að innflytjendur

fjármagni framkvæmdina með því að greiða úrvinnslugjald við innflutning. Innflytjendur og framleiðendur uppfylla kröfur um framleiðendaábyrgð með greiðslu úrvinnslugjalds.

Samkvæmt frumvarpinu verður ákvæði um úrvinnslugjald á skilagjaldsumbúðir fellt niður í lögum um úrvinnslugjald.

3. Önnur mál

Engin

Fundi slitið 14:15

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs